LÁNAMÁL RÍKISINS
Kalkofnsvegi 1  150 Reykjavík
sími: 569 9600  bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: http://www.lanamal.is

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

**Fréttatilkynning**
7. september 2010

# ÚTBOÐ ÓVERÐTRYGGÐRA OG VERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKB 12 0824 OG RIKS 21 0414

Föstudaginn **10. september kl. 11:00** fer fram útboð hjá lánamálum ríkisins með tilboðsfyrirkomulagi.

Boðin verða út bréf í óverðtryggða flokknum **RIKB 12 0824** og verðtryggða flokknum **RIKS 21 0414**. Heildarfjárhæð samþykktra tilboða verður tilkynnt að loknu útboði.

Lánamál ríkisins áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, að hluta eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í útboðinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Útboðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkta verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útboðsskilmála sem fylgja þessari frétt.

*Greiðslu- og uppgjörsdagur er miðvikudagurinn 15. september 2010.*

Í þessu útboði óskar lánamál ríkisins eftir kauptilboðum í eftirfarandi flokka ríkisverðbréfa:

| **Flokkur** | **Lokagjalddagi** | **Útistandandi fjárhæð*** | **Lánstími** |
|---|---|---|---|
| RIKB 12 0824 | 24.8.2012 | 6.822 m.kr. | 2 ár |
| RIKS 21 0414 | 14.4.2021 | 34.008 m.kr. | 11 ár |

***að nafnverði**

Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir munu lánamál ríkisins bjóða jafnvirði 10%, reiknuð af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 14. september 2010. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. *Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er 15. september 2010.*

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson, lánamálum ríkisins, í síma 569 9633.

Með kveðju,